



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



**BACH,  
HÄNDEL  
OG HAYDN**

**24. OKTÓBER**  
2019

---

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

### Áætluð tímalengd:

Hljómsveitarsvíta: 23'

Passacaglia: 10'

Concerto grosso: 11'

Forleikur: 7'

Millispil: 5'

Sinfónía: 25'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# BACH, HÄNDEL OG HAYDN

---

**Sinfóníuhljómsveit  
Íslands**

**Matthew Halls**  
hljómsveitarstjóri

**Matthew Truscott**  
einleikari og konsert-  
meistari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Johann Sebastian Bach

**Hljómsveitarsvíta nr. 1 í C-dúr, BWV 1066** (um 1720)

Ouverture  
Courante  
Gavotte I/II  
Forlane  
Menuet I/II  
Bourée I/II  
Passepied I/II

Georg Muffat

**Passacaglia úr sönötu nr. 5 í G-dúr** (Armonico tributo, 1682)

Georg Friedrich Händel

**Concerto grosso op. 3 nr. 2 í B-dúr** (um 1720)

Vivace  
Largo  
Allegro  
Moderato  
Allegro

**Hlé**

Maria Antonia Walpurgis

**Talestri, Regina delle Amazzoni, forleikur** (1760)

Allegro – Andante – Allegro

Anna Amalía af Braunschweig-Wolfenbüttel

**Erwin und Elmire, millispil** (1776)

Joseph Haydn

**Sinfónía nr. 102 í B-dúr** (1794)

Largo – Vivace  
Adagio  
Menuetto. Allegro  
Finale. Presto

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:

**en.sinfonia.is**

---



## MATTHEW HALLS

### HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**B**reski stjórnandinn og samballeikarinn Matthew Halls er vinsæll gestur hljómsveita og óperuhúsa og nýtur virðingar sem kraftmikill og líflegur túlkandi tónlistar frá öllum skeiðum tónlistarsögunnar. Meðal annars kom hann nýverið fram með Útvarpshljómsveitinni í Leipzig, Finnsku útvarpshljómsveitinni og *Filharmóníusveitinni í Varsjá*, og í Norður-Ameríku hefur hann m.a. stjórnað sinfóníuhljóm-sveitunum í Chicago, Cleveland og Toronto. Fyrir fáeinum árum pantaði hann stórt verk fyrir kór og hljómsveit eftir Sir James MacMillan, *A European Requiem*, sem hann frumflutti við frábærar undirtektir. Hljóðritanir hans hafa unnið til fjölmargra verðlauna, m.a. diskar með óperunni *Parnasso in Festa* eftir Händel ásamt The King's Consort (Hyperion) og fjórir sambalkonsertar Bachs sem Halls lék og stjórnaði frá hljóðfærinu (Linn Records).

Matthew Halls stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn árið 2009 þegar hann stýrði Mozart-tónleikum með Martin Fröst í Háskólabíói. Þetta er í áttunda sinn sem hann stjórnar hljómsveitinni, en af verkum sem hann hefur flutt hér á landi má nefna *Messías* Händels, píanókonsertra og sinfóníur eftir Beethoven og Mozart, og *Sinfóníu í þremur þáttum* eftir Stravinskíj.



## MATTHEW TRUSCOTT

### EINLEIKARI OG KONSERTMEISTARI

**E**nski fiðluleikarinn Matthew Truscott er á heimavelli hvort sem leikið er á ný eða gömul hljóðfæri. Hann er konsertmeistari Mahler-kammersveitarinnar og einn af leiðurum Orchestra of the Age of Enlightenment, eða Hljómsveit upplýsingaraldarinnar. Í kvöld gegnir hann hlutverki gestakonsertmeistarara Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hann er eftirsóttur sem slíkur víða um heim. Hann hefur meðal annars leitt hljómsveitir við Ensku og Hollensku þjóðaróperurnar, Budapest Festival Orchestra, The English Concert og Arcangelo. Hann hefur hljóðritað fjölda geisladiska, meðal annars tríósónötur Purcells, kammertónlist eftir Bach, og píanótrío eftir Haydn. Matthew Truscott stundaði nám við Royal Academy of Music í Lundúnum og síðar við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Hann kennir á barokkfiðlu við Royal Academy of Music.



# JOHANN SEBASTIAN BACH

## HLJÓMSVEITARSVÍTA NR. 1

**J**ohann Sebastian Bach (1685–1750) samdi fjórar svítur fyrir hljómsveit, syrpur barokkdansa með viðamiklum forleik í upphafi. Sú í C-dúr sem hljómar í kvöld er talin elst þeirra en raunar er fátt vitað um tilurð hennar. Þær hljóðfæraraddir sem varðveist hafa eru frá fyrstu árum Bachs í Leipzig, um 1724, en líklegt þykir að hann hafi samið verkið fyrir, í Köthen þar sem hann starfaði við hirð hins tónelskandi Leópolds prins á árunum 1717–23. Leópoldd var kalvínisti og því hljómaði engin tónlist í hirðkapellunni önnur en einradda sálmasöngur. Næstu sex árin einbeitti Bach sér því alfaríð að hljóðfæratónlist, bæði einleiks- og kammersverkum, og má þar nefna sönötur og partítur fyrir einleiksfíðlu, svítur fyrir einleiksselló og *Brandenburgarkonsertana* frægu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hljómsveitarsvíta Bachs nr. 1 hljómaði oft í Ríkisútvarpinu á fyrstu áratugum þess, en þess var lengra að biða að hún heyrðist hér á landi í lifandi flutningi. Kurt Thomas stjórnaði flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar árið 1968 og síðan hefur hljómsveitin aðeins einu sinni flutt verkið, á Aðventutónleikum í Eldborg árið 2014. Kammersveit Reykjavíkur lék svítuna á tónleikum í Áskirkju 1985, Langholtskirkju 2000 og í Eldborg 2012. Ingvar Jónasson stjórnaði verkinu í Ísafjarðarkirkju með kammersveit árið 2000.

Fyrsta svíta Bachs fyrir hljómsveit heyrir fremur sjaldan í sam- anburði við svítur nr. 2 og 3, sem báðar hafa að geyma kafla sem eru með því kunnasta sem hann festi á blað. Frönsk tónlist setur svip á svítuna alla. Fyrsti þáttur er franskur forleikur, en svo nefnist það form sem Jean-Baptiste Lully festi í sessi í hirðóperum sínum og ballettum um miðja 17. öld, hægur inngangur og hraðari meginkafli þar sem hver rödd eltir aðra. Þá hljóma sex barokkdansar, í sumum tilvikum tveir af hverjum toga sem raðað er í eins konar ABA form, til dæmis Gavotte I – Gavotte II – Gavotte I leikin aftur. Fimm dansanna eru franskir að uppruna en voru viðfangsefni tónskálda víða um álfuna. Eini ítalski dansinn er Forlane, sem Bach notaði raunar sjaldan í verkum sínum. Þetta var vinsæll götudans í Feneyjum á 18. öld, oft leikinn á mandólín og kastaníettur, og bumbur slegnar í takt.



# GEORG MUFFAT

## PASSACAGLIA ÚR SÓNÖTU NR. 5

**Þ**ótt Georg Muffat (um 1645–1704) sé ekki á hvers manns vörum í dag var hann mikilsvirtur á sinni tíð, samtímamaður Pachelbels á síðari hluta 17. aldar. Muffat kom víða við í Evrópu, var fæddur í Frakklandi en átti líklega ættir að rekja til Skotlands, lærði um skeið hjá Jean-Baptiste Lully í París en komst í þjónustu erkibiskupsins af Salzburg árið 1678. Þaðan hélt hann til Ítalíu um skeið en starfaði einnig í Vínarborg og Passau. Tónlist slíks heimsborgara bar vitaskuld í sér þræði sem sóttir voru víða að. Tónsmíðar barokksins höfðu oft

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sennilega heyrðist tónverk eftir Muffat í fyrsta sinn á Íslandi árið 1926, þegar Niels Otto Raasted, organisti við Frúarkirkjuna í Kaupmannahöfn, lék passacagliu – þó ekki hina sömu og hljómar hér í kvöld – á tónleikum í Fríkirkjunni. Passacaglian úr *Armonico tributo* hljómaði meðal annars á tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur í Áskirkju í desember 2015.

ólík einkenni eftir þjóðum en Muffat varð einna fyrstur til þess að sameina hina þrjá helstu stíla barokktónlistar: hinn franska, þýska og ítalska.

Fyrsta útgefna verk Muffats eru fimm sönötur fyrir hljóðfærahóp, *Armonico tributo*, eða „Hylling hljómannanna“ (Salzburg, 1682). Hann samdi þær meðan hann dvaldi á Ítalíu, þar sem hann heyrði fiðlusnillinginn Arcangelo Corelli leika og varð hann nokkur áhrifavaldur. Muffat getur þess í formála fyrir útgáfunni að verkið hafi fyrst hljómað á heimili ítalska meistarans, sem hafi gefið sér góð ráð varðandi útfærslu og stíl. Muffat kaus að kalla *Armonico tributo* „sönötur“, í hinni breiðari merkingu ítalska orðsins *suonare*: það sem er leikið en ekki sungið. Þær eru þó í raun *concerti grossi* því að í þeim skiptast á einleiks- og *tutti*-kaflar rétt eins og í konsertum ítalska fiðlusnillingins Arcangelos Corelli. Þótt samspil hljóðfæraanna sé undir áhrifum frá Ítalíu ber stíll tónlistarinnar oft keim af frönskum hirðdönsum. Kunnasti þáttur verksins er passacaglia úr sönötu nr. 5, sem hljómar á tónleikum kvöldsins. Þetta eru tilbrigði um endurtekna bassalínu, ekki ósvipaða þeirri sem Bach gaf sér rúmri hálfri öld síðar sem grundvöll *Goldberg-tilbrigðanna*. Hér skiptast á smáir og stærri hljóðfærahópar, en mesta furðu vekur hve mikla fjölbreytni Muffat laðar fram úr tónlist sem þrátt fyrir allt hefur einfaldan efnivið.



## GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

### CONCERTO GROSSO OP. 3 NR. 2

Hljóðfæratónlist var aldrei nema aukabúgrein hjá Georg Friedrich Händel (1685–1759) sem varði megninu af starfsævi sinni í að semja óperur og óratoríur. Þó samdi hann ýmislegt markvert af því tagi, meðal annars yfir 40 konserta af ýmsum toga. Meðal þeirra eru tvær syrpur verka sem kallast *concerto grosso* og eru að sumu leyti undir áhrifum Corellis, enda lágu leiðir þeirra saman þegar Händel dvaldist í Rómaborg á sínum yngri árum. *Concerto grosso* átti uppruna sinn á Ítalíu á 17. öld og grundvallast á skiptingu hljómsveitarinnar í einleikhóp og stærri sveit. *Concertino* (litli konsertinn) er fámennur hópur, oftast tvær fiðlur og selló, en *concerto grosso* (stóri konsertinn) tekur undir á köflum. Ekkert eitt hljóðfæri er ráðandi og hóparnir tveir eru ekki aðgreindir hvað stefjaefni snertir. Hlutverk stærri hópsins er einungis að gefa aukna hljómfyllingu þegar við á; einleikararnir draga sig aldrei í hlé heldur spila frá fyrsta takti til hins síðasta.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Konsert eftir Händel hljómaði í fyrsta sinn á tónleikum hér á landi sumarið 1926, þegar hljóðfæraleikarar úr Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar léku konsert í g-moll op. 6 í Dómkirkjunni undir stjórn Jóns Leifs. Konsertinn sem fluttur er á tónleikumunum í kvöld hefur áður hljómað á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur árið 2002, en þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk úr útgáfunni op. 3. Áður hefur hljómsveitin átta sinnum flutt verk úr konsertasafni Händels op. 6, síðast í vikunni sem leið undir leiðsögn Matthews Truscott.



Höfundarréttur í nútímaskilningi kom ekki til sögunnar fyrr en á 19. öld. Þegar tónverk voru á annað borð komin í umferð kom fátt í veg fyrir að óprútttnir forleggjarar þrykktu þau án leyfis og hirtu gróðann sjálfir. Vinsæl tónskáld eins og Händel þurftu stöðugt að vera á varðbergi fyrir slíku og dugði ekki alltaf til. Konsertarnir sex op. 3 komu út á prenti hjá forleggjaranum John Walsh í Lundúnum árið 1734 en tónskáldið sjálf hafði engan pata af útgáfunni fyrr en hún var komin á markað. Walsh tók einfaldlega eldri verk Händels sem höfðu hlotið útbreiðslu í handritum og gaf þau út án þess að óska leyfis. Tónlistina samdi Händel sennilega á árunum um 1715–30; fyrsti þáttur konsertsins nr. 2 er skyldur kafla úr *Brockes-passiu* Händels frá árinu 1716 og lokaþátturinn er gavotta sem minnir nokkuð á krýningarsönginn *The King Shall Rejoice* frá 1727. Ólíkt því sem tíðkaðist í verkum Corellis eru þessir konsertar Händels ekki fyrir strengjasveit einvörðungu. Einnig er gert ráð fyrir óbó- og fagottleikurum og hafa þeir nóg að iðja, enda var vísað til sumra verkanna úr ópus 3 árið 1784 sem „óbókonserta Händels“.

## MARIA ANTONIA WALPURGIS

### FORLEIKUR AÐ TALESTRI, REGINA DELLE AMAZZONI

**K**onur áttu erfitt uppdráttar sem skapandi listamenn fyrr á öldum, ekki síður í tónlist en öðrum listgreinum. Þó tókst mörgum þeirra að skapa sér nafn og njóta hæfileika sinna með ýmsum hætti, jafnvel í stórum formum eins og óperum og sífóníum. Í kvöld hljóma í fyrsta sinn á Íslandi þættir úr óperum eftir tvær þýskar aðalskonur á 18. öld.

Maria Antonia Walpurgis (1724–1780) var borin prinsessa, dóttir Maríu Amalíu af Austurríki og Karls kjörfursta af Bæjaralandi. Hún giftist síðar kjörfursta Saxlands og fór eftir andlát hans með æðstu völd í ríkinu þar til sonur þeirra náði lögaldri. Hún var því valdamikil kona en gaf sér einnig tíma til að sinna listsköpun, var tónskáld, sópransöngkona, listmálari og ljóðskáld og sótti tíma hjá kunnnum tónskáldum eins og Nicola Porpora og Johann Adolph Hasse. Maria Antonia samdi tvær óperur og er *Palestris, drottning Amasónanna* (1760) sú seinni í röðinni. Hún hafði fulla stjórn við samningu verksins, orti einnig söngtextann og fór sjálf með aðalhlutverk við frumflutninginn.

Amasónudrottningin Palestris var viðfangsefni nokkurra óperu-tónskálda á 18. öld, en í grískri goðafræði voru Amasónur þjóðflokkur kvenna sem þóttu herskáar og börðust með sverðum,

bogum og spjótum. Í sögu óperunnar tekst *Palestris* á við krefjandi kringumstæður og kemst að lokum til fulls þroska – og þarf ekki mikið hugmyndaflug til að ímynda sér að kjörfurstynja sem komst til valda eftir lát manns síns hafi átt sínar fyrirmyndir í kröftugum kvenhetjum goðafræðinnar. Hér hljómar forleikur sem er í þremur þáttum eins og oft tíðkaðist í óperum um miðja 18. öld. Kraftmikill inngangskafli setur stemninguna og lýsir kannski eiginleikum hinnar sterku kvenhetju; því næst hljómar blíður strengjakafli og loks leikandi lokapáttur sem skapar eftirvæntingu fyrir því að tjaldið risi.



## ANNA AMALÍA AF BRAUNSCHWEIG-WOLFENBÜTTEL

### ERWIN OG ELMIRE, MILLISPIL

Um sama leyti og Maria Antonia samdi *Palestris* starfaði annað tiginborið kventónskáld litlu vestar í því sem nú kallast Þýskaland: Anna Amalía hertogaynja af Braunschweig-Wolfenbüttel (1739–1807). Hún var sannarlega ættgöfug, dóttir Filippínu prinsessu af Prússlandi sem var einkar músikölsk og fleiri úr þeim systkinahópi raunar einnig. Bróðir Filippínu var Friðrik mikli Prússakonungur og tvær systur þeirra, Vilhelmina af Bayreuth og Anna abbadís af Quedlinburg, fengust einnig við tónsmíðar.

Anna Amalía var á sautjándra aldursári þegar hún giftist hertoganum af Saxe-Weimar-Eisenach en hann lést aðeins tveimur árum síðar, tvítugur að aldri. Þá var Anna Amalía orðin tveggja drengja móðir, og tók að sér að stýra ríkinu þar til eldri sonurinn náði lögaldrum. Þegar þeim tímamótum var náð sökkkti hún sér í listsköpun, samdi meðal annars símfóníu og óratoríu og byggði upp blómlegt listalíf við hirðina í Weimar. Meðal samstarfsmanna hennar má nefna Johann Gottfried Herder, Friedrich Schiller og Johann Wolfgang von Goethe, sem einmitt orti texta óperunnar *Erwin und Elmire* (1776). Söguþráðurinn er sóttur í vinsælt kvæði eftir írsku skáldið Oliver Goldsmith og segir frá ungum elskendum af ólíkum þjóðfélagsstigum eins og vinsælt var um þetta leyti. Einn texti Goethes úr þessari óperu hefur náð meiri útbreiðslu en allt annað sem henni tengist, aðeins fyrir þær sakir að annað tónskáld, Wolfgang Amadeus Mozart, samdi við hann sönglagið *Das Veilchen*.

Ópera Önnu Amalíu er ekki síst merkileg fyrir þær sakir að þótt sungið sé á þýsku sótti hún innblástur í ítalska hefð, bæði hina alvarlegri grein óperunnar (*opera seria*) og þá alþýðlegri (*opera buffa*). Í kvöld hljómar hugljúft millispil sem gæti raunar allt eins verið konsert, því að einleiksfiðla er hér mjög í forgrunni.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Mariu Antoníu Walpurgis og Önnu Amalíu af Braunschweig-Wolfenbüttel hljóma á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands.



Óperan *Erwin und Elmire* lá í algjörrri gleymsku um aldir. Fyrsti flutningur hennar í meira en 200 ár fór fram í Bretlandi árið 1999 og síðan hefur hún hljómað nokkrum sinnum í Evrópu og Ástralíu.



## JOSEPH HAYDN

### SINFÓNÍA NR. 102

Joseph Haydn (1732–1809) hefur verið kallaður „faðir símfóníunnar“. Það er að vísu ofmælt því að í þeirri grein byggði hann á því sem eldri tónskáld höfðu áður afrekað. Hann átti eigi að síður stóran þátt í að hefja símfóníuna til vegs og virðingar. Þegar hann hóf feril sinn var símfónían faguð skemmtímúsík en þegar hann samdi sín síðustu verk var hún orðin mikilvægasta form vestrænnar tónmenningar. Haydn var eitt síðasta fræga hirðtónskáldið af því tagi sem tíðkast hafði í Evrópu svo öldum skipti. Undir lok 18. aldar blésu vindar nýrra tíma, aðalsfolk dró saman seglin en tónskáld höfðu þess í stað auknar tekjur af tónleikahaldi og nótnautgáfu. Haydn hafði starfað við hirð Nikulásar Esterházy um áratuga skeið, en þegar hinn síðarnefndi féll frá haustið 1790 tók við nýtt skeið á ferli Haydns sem nú gat loks um frjálst höfuð strokið – tæplega sextugur að aldri.

Margir sóttust eftir kröftum hans en aðeins einn hafði erindi sem erfiði. Johann Peter Salomon var þýskur fiðluleikari sem hafði getið sér gott orð sem tónleikahaldari í Lundúnum. Svo vel vildi til að hann var staddur á meginlandinu þegar það kvisað-ist út hvernig högum Haydns var nú háttað. Því gerði hann sér sérstaka ferð til Vínnarborgar, barði að dyrum hjá tónskáldinu og sagði keikur: „Búið yður undir ferðalag. Eftir tvær vikur höldum við til Lundúna.“ Höfuðborg Bretlands var um þetta leyti áfangastaður fjölda listamanna, ekki síst þeirra sem áður höfðu starfað í París en vildu nú ólmir komast burt úr hildarleik byltingarinnar. Haydn og tónleikahaldari hans komu í höfn í Lundúnum á nýársdag 1791 og blésu strax til tónleikaradar í Hanover Square, einum af konsertsölum borgarinnar. Fyrir þá tónleika samdi Haydn sex nýjar símfóníur (nr. 93–98) og þegar hann sneri aftur til Lundúna árið 1794 bættust aðrar sex í hópin (nr. 99–104). Haydn var tekið með kostum og kynjum á Englandi. Góð vinátta tókst með honum og konungshjónunum sem buðu honum að setjast að í Windsor fyrir fullt og fast, hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Oxford-háskóla og tónleikar með verkum hans voru einhver vinsælasta skemmtun sem völ var á.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fjórða sinn sem Símfóníu-  
hljómsveit Íslands flytur símfóníu  
nr. 102 eftir Haydn. Fyrst hljómaði  
hún árið 1971 á utanbæjartón-  
leikum undir stjórn George Cleve,  
en síðan hafa stjórnað henni þeir  
Páll P. Pálsson (1974) og Andrew  
Manze (2013).

Sinfónían nr. 102 er ein hin snjallasta af Lundúnasinfóníum Haydns og eitt þeirra verka hans sem bersýnilega höfðu áhrif á hinn unga Beethoven. Hún hefst á hægum inngangi sem fer vítt og breitt um sviðið hvað hljómatengsl snertir, en meginstef kaflans er létt og fjörugt. Tónlist Haydns einkennist oft af kímni-gáfu og kankvísi, en hér gerist líka sitthvað sem ekki verður séð fyrir: skyndilegar þagnir, miklar andstæður í styrkleika og ómstríðir hljómar. Adagio-kaflinn er ljúfur og hæglátur; sömu tónlist notaði Haydn um svipað leyti í píanótrío sitt í Fís-dúr en ekki er ljóst hvort kammerverkið er útsetning á hljómsveitarþættinum eða öfugt. Næst kemur jarðbundinn menúett og tríó, en í spriklandi fjörugum lokakaflanum sækir Haydn innblástur í þjóðlag frá Króatíu. Hér leikur spéfuglinn Haydn á als oddi, þýtur á milli tóntegunda og sýnir tónefni sitt í fjölbreyttu og spennandi ljósi allt fram að lokatakati.

*Árni Heimir Ingólfsson*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

24. OKTÓBER 2019

## 1. FIDLA

Matthew Truscoll  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laura Liu  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Andrzej Kleina

## 2. FIDLA

Páll Palomares  
Benedikte Damgaard  
Greta Guðnadóttir  
Roland Hartwell  
Hlín Erlendsdóttir  
Þórdís Stross  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ingrid Karlsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

## VÍOLA

Pórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Łucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Sarah Buckley  
Ásta Kristín Pjetursdóttir

## SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Margrét Árnadóttir

## BASSI

Xun Yang  
Richard Korn  
Jacek Karwan  
Þórir Jóhannsson  
Páll Hannesson  
Hávarður Tryggvason

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Leendert Booyens

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene

## TROMPET

Einar Jónsson  
Ásgeir Steingrímsson

## PÁKUR

Frank Aarnink

## SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*  
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*  
Sigþór J. Guðmundsson  *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Júlía Aradóttir *fulltrúi*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS


UPPSELT

FIMMTUDAGUR  
7. NÓVEMBER 19:30

AUKATÓNLEIKAR

FÖSTUDAGUR  
8. NÓVEMBER 19:30

# VÍKINGUR OG DANÍEL



Þú getur skannað og hlustað á verkin á Spotify

**Edvard Grieg** Pétur Gautur, valdir bættir

**Daníel Bjarnason** Processions, pianókonsert

**W.A. Mozart** Hornkonsert nr. 3

**Jean Sibelius** Sinfónía nr. 5

**Daníel Bjarnason**  
hljómstarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson**  
einleikari

**Radovan Vlatković**  
einleikari

Það var stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi þegar Víkingur Heiðar frumflutti nýjan pianókonsert Daníels Bjarnasonar, Processions, með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2009. Í kjölfarið hefur konsertinn hljómað víða um heim og hlotið frábæra dóma heimspressunnar. Víkingur er kominn í hóp fremstu einleikara á heimsvísu og hlaut nú á dögnum hin virtu og eftirsóttu Gramophone-verðlaun sem listamaður ársins.

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis. Í Konzerthaus í Berlín verða haldnir tónleikar með Víkingi sem er nú staðarlistamaður tónleikahússins, en einnig verða haldnir tónleikar í München og Salzburg, þar sem króatíski hornsningurinn Radovan Vlatković leikur einnig einleik. Í aðdraganda ferðarinnar verður efnisskráin flutt á tónleikum Sinfóníunnar í Hörpu.

**Strax seldist upp á tónleikana en nú hefur aukatónleikum verið bætt við 8. nóvember.**

## TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Bakharji í flutningum:

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA